



Mýrdalshreppur

Reglur um stuðning við nema í leikskólakennarafræðum

Reglur þessar gilda eingöngu um nema í Mýrdalshreppi sem leggja stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum og annaðhvort vinna í leikskóla Mýrdalshrepps eða hafa áform um það.

Markmiðið með reglunum er að fjölga leikskólakennurum í leikskóla Mýrdalshrepps þannig að þeir verði 2/3 starfsmanna.

1. gr.

Styrkhæft nám er:

- Tveggja ára diplómanám í leikskólafræðum í háskóla; bæði staðbundið nám og fjarnám.
- Leikskólakennaranám í háskóla; bæði staðbundið nám og fjarnám.

2. gr.

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Mýrdalshreppi. Umsókn um styrk skal berast sveitarstjórn mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknarblaði*. Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gerir leikskólastjóri sérstakan skriflegan samning við viðkomandi, sem gildir í eitt ár í senn.

** Sérstakt umsóknareyðublað skal vera aðgengilegt á vefsvæði Mýrdalshrepps.*

3. gr.

Stuðningur við nema er fjölþættur og fer eftir því hvort viðkomandi er starfsmaður í leikskólanum eða ekki. Stuðningur er bundinn við minnst 10 ECTS einingar séu teknar á hverri önn. Þó er stuðningur við tveggja ára diplómanám í leikskólafræðum að hámarki til 5 ára og við leikskólakennaranám til meistaraþáttu að hámarki í 8 ár.

	Starfsmaður í leikskóla (60% +)	Ekki starfsmaður
Laun í staðbundnum lotum og æfingakennslu í leikskólum.	X	
Eingreiðslur 1. sept. og 1. jan. hvert námsár. *	100.000 í hvort sinn	50.000 í hvort sinn
Aðgangur að vinnu og námsaðstöðu í samstarfi við leikskólastjóra og Kötlusetur og aðgangur að forritum Office 365	X	X

** Eingreiðslum eru ætlað til að mæta að einhverju leyti kostnaði sem verður til vegna námsins, svo sem; skólagjöldum, akstri og bókakaupum.*

4. gr.

Að öllu jöfnu er ekki hægt að njóta stuðnings lengur en sem nemur þeim tíma sem gefinn er upp af viðkomandi skólastofnun sem eðlileg námsframvinna, enda sé árangur með eðlilegum hætti. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna, eða vegna þess að viðkomandi er starfandi í leikskólanum framlengist stuðningurinn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið reglulega til leikskólastjóra.

5. gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa við leikskóla Mýrdalshrepps í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur hafi hann verið þar starfsmaður á námstíma en í a.m.k. þrjú ár hafi hann ekki starfað við skólann. Starfshlutfall þarf að vera minnst 75% . Hætti starfsmaður störfum hjá bænum innan áður nefnds

tíma, eða ljúki hann ekki námi, hefur Mýrdalshreppur heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk frá síðasta skólaári nemans.

6. gr.

Fjöldi starfsmanna sem nýtur stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst af þörf sveitarfélagsins fyrir faglært starfsfólk á viðkomandi sviði, á hverjum tíma, og áskilur sveitarstjórn sér rétt til að hafna umsóknum. Leikskólastjóri getur hafnað nema um starf við leikskólann, sé hann þegar svo mikið mannaður nemum að starfssemin beri ekki forföll þeirra allra.

7. gr.

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur sveitarstjóri í umboði sveitarstjórnar veitt frávik frá reglum þessum.

8. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.

Samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 26. febrúar 2015